

Minnisblað

Titill: Bílastyrkir fyrir hreyfihamlaða.

Dags: 17. maí 2023

Unnið af: Bergi Porra Benjamínssyni fyrir ÖBÍ réttindasamtök.

Tillögur.

- **Eignatengingar** við húsnæðisstuðning verði **aflagðar (Innviðaráðherra)**.
- **500.000 kr.** sem uppbót á lífeyri.
 - Uppbót fyrir þá sem kaupa bíl í fyrsta skipti verði lögð af.
- **3.000.000 kr.** fyrir þá sem nota hjólastól, göngugrind eða önnur hjálpartæki og tryggt að fatlað fólk geti farið í orkuskipti.
- **8.500.000 kr.** verði hámarksstyrkur fyrir þá sem þurfa sendibifreið eða aðra sambærilega bifreið, styrkurinn verði því **60-70%** af kaupverði. Tryggt verði að 1. Kaup verði gerð auðveldari.
 - Afsláttur á vörugjaldi verði aflagður á móti, í samræmi við stefnu stjórnvalda.
- Bílalán TR verði **aflögð**.
- **Fagteymi** TR og SÍ. annist alfarið móttöku og afgreiðslu umsókna um bílabreytingar og styrki. **Upphæðir** verði færðar inn í **lög um félagslega aðstoð** eða endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

Yfirlit.

Upphæðir til kaupa á fólksbifreiðum fyrir hreyfihamlað fólk hafa ekki hækkað síðan árið 2015. Hækkanir á upphæðum hafa í gegnum tíðina verið mjög stopular og stundum liðið meira en 9 ár milli þess að upphæðir hafa verið hækkaðar. Upphæðir verði hækkaðar verulega svo og verði upphæðir styrkja og uppbóta, festir í lög þannig að Alþingi hafi tækifæri til að breyta upphæð þeirra ár hvert. Kaup fatlaðs einstaklings, á dýrri og sérútbúinni bifreið getur haft áhrif á húsnæðisstuðning bæði frá ríki og sveitarfélagi viðkomandi. Það er á málavíði Innviðaráðherra.

Eignatenging við húsnæðisbætur.

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis og mannvirkjastofnun (HMS), ber stofnunni „að fara eftir eignarstöðu á skattframtali sama í hvaða formi það er“. Þetta þýðir að sérútbúin bifreið sem kosta sannarlega meira en 8 milljónir hefur í för með sér skerðingu á húsnæðisstuðningi. Það verður að teljast stórundarlegt að ein stofnun- TR veiti fólki styrk upp á 6.000.000 kr. til kaupa á sérútbúinni bifreið að þá sé annarri stofnun HMS fyrirskipað að klípa af húsnæðis stuðningi sama einstaklings.

Sagan.

Bílastyrkir fyrir hreyfihamlaða hafa í gegnum tíðina nær eingöngu hækkað fyrir tilstuðlan baráttu fatlaðs fólks. Fyrir mörgum árum síðan (1990 ca.) var það meira segja þannig að kvóti var á fjölda þeirra sem fengu þessa styrki. Til allra hamingju var þessu verklagi hætt fyrir síðustu aldamót.

Styrkir til bifreiðakaupa þeirra sem nota hækjur, hjólastól eða önnur hjálpartæki sambærileg hafa hækkað eftirfarandi frá aldamótum.

- *Árið 2000 fór styrkurinn í 1.000.000 kr. úr 750.000 kr. en jafnframt var tími milli styrkveitinga hækkaður úr 3. árum í 4. Raun hækkun var því enginn en segja má að það hafi orðið meira úr styrknum sérstaklega fyrir þá sem voru að fá hann í fyrsta skipti.*
- *Subaru Legacy kostaði árið 2000 krónur 2.198.000 svo dæmi sé tekið samkvæmt bifreiðaskrá Skattsins¹.*
- *9 árum seinna var styrkurinn hækkaður um 20% í 1.200.000 í kjölfar bankahruns. Sama tegund af bifreið kostaði 3.840.000 kr. ² Hækkun upp á 1.814.000 meðan styrkurinn hafði hækkað um 200.000 kr. Ára fjöldi milli styrkja er hins vegar orðin 5 ár.*
- *Styrkþegi þarf sem sagt eiga kr 2.640.000 krónur árið 2009 en kr. 1.115.000 árið 2000. til að geta keypt sér sömu tegund af bifreið.*

Þessi saga rekur sig síðan áfram.

Fjárhæðir hækkuðu aftur árið 2015 með reglugerð nr. 997/2015 um 20%, eða í 1.440.000 kr. Þrátt fyrir að verðlag hafði hækkað umtalsvert á 6 ára tímabili. Aftur voru fjárhæðir hækkaðar árið 2021, en í þetta sinn aðeins á sér útbúnum og dýrum bifreiðum, með reglugerð nr. 905/2021 eða úr 5.000.000 kr. í 6.000.000 kr.

Það er engan veginn ásættanlegt að fjárhæðir í reglugerð hækki á sex til níu ára fresti að jafnaði.

Fatlað fólk á að njóta sömu mannréttinda og aðrir. Lög og reglur eiga að tryggja þau mannréttindi. Hreyfihamað fólk á að njóta ferðafrelsis til jafns við aðra. Lög um félagslega aðstoð hafa að geyma ákvæði sem fjalla um styrki til bifreiðakaupa fyrir hreyfihamaða. Þau ákvæði fela ráðherra nánari útfærslu á nánast öllum skilyrðum fyrir veitingu slíkra styrkja. Á grundvelli 10. gr. laga um félagslega aðstoð er í gildi reglugerð, nr. 905/2021, sem fjallar nánar um bifreiðastyrki og skilyrði fyrir veitingu þeirra.

Á grundvelli reglugerðarinnar er hægt að sækja um uppbót til bifreiðakaupa vegna hreyfihömlunar, að fjárhæð 360.000 kr., eða styrk til kaupa á bifreið vegna verulegrar hreyfihömlunar, að fjárhæð 1.440.000 kr., eða styrk til kaupa á sér útbúnum bifreiðum sem getur numið allt að 6.000.000 kr.

Dæmi eru um að Tryggingastofnun hafi þá krafið fólk um endurgreiðslu þegar bifreið er seld innan fimm ára jafnvel þó að umrædd bifreið hafi verið seld vegna þess að hún hafi eyðilagst (sjá úrskurð úrskurðarnefndar velferðarmála í máli nr. 24/2018)³.

Þá er það skilyrði samkvæmt reglugerðinni að ganga verður frá kaupum áður en styrkur er veittur. Þetta skilyrði er óbarfi og verulega íþyngjandi, enda sækja styrkþegar eðlilega um styrk til þess að fá næga peninga til að ganga frá kaupum.

¹ https://www.skatturinn.is/media/baeklingar/rsk_0603_2000.is.pdf

² https://www.skatturinn.is/media/baeklingar/rsk_0603_2009.is.pdf

³ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/?newsid=c1c76c28-7932-11e8-9429-005056bc4d74>

Bílalán

Það verður að teljast sérstakt að TR stundi lánastarfsemi. Upphæðir þeirra eru líka lágar. Með því að gera átak og hækka upphæðir bæði uppbóta og styrkja er ekki talin þörf á að veita sérstaklega bílalán.

Uppbætur

Uppbætur á lífeyri eru nákvæmlega það sem þær heita. Nokkurskonar tvöföldun á lífeyri. Þær eru nú 360.000 kr. en 720.000 kr. fyrir fyrstu kaupendur að bifreið.. Sú hugmynd að veita tvöfalda uppbót er í sjálfu sér ágæt. Hins vegar fá sárafáir þessa uppbót vegna strangra skilyrða. Árið 2022 fékk til að mynda enginn slíka uppbót.

Því er lagt til að uppbót hækki í 600.000 kr. en verði ekki sérstaklega hærri til þeirra sem kaupa bifreið í fyrsta skipti á sinni ævi enda eru þeir afar fáir sem ekki hafa átt bifreið áður en þeir verða fyrir slysi eða veikindum

Það er þó ljóst að þessar fjárhæðir duga mjög skammt í því að kaupa góða bifreið, hvað þá nýja bifreið. Hins vegar, meðan lífeyrir er jafn lágur og raun ber vitni, skipta þessar uppbætur öllu máli til að gera þeim sem eru jafnvel aðeins á lífeyri kleift að kaupa bifreið vegna hreyfihömlunar.

Fjárhæðir styrkja.

Fjárhæðir eru bundnar í reglugerð um uppbætur og styrki til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, nr. 905/2021. Áður hefur verið lagt til í umsögn að þau réttindi séu bundin í lög, „enda hefur reynslan sýnt fram á að ráðherrar geta með litlum fyrirvara skert réttindi með því að breyta reglugerðum“ eins og segir í 2. mgr. greinargerðar.

Eins og áður hefur verið rakið hafa fjárhæðir hækkað afskaplega stopult og án nokkurrar reglu frá árinu 2009. Í reglugerð um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, nr. 170/2009 voru uppbætur vegna kaupa á bifreiðum 300.000 kr. en 600.000 kr. fyrir fyrstu kaupendur. Bifreiðakaupastyrkur var 1.200.000 kr. en 5.000.000 kr. fyrir sér útbúnar og dýrar bifreiðar. Fjárhæðir hækkuðu eins og áður segir árið 2015 með reglugerð nr. 997/2015 um 20% þrátt fyrir að verðlag hafði hækkað umtalsvert á 6 ára tímabili frá síðustu hækkun. Aftur voru fjárhæðir hækkaðar árið 2021, en í þetta sinn aðeins á sér útbúnum og dýrum bifreiðum, með reglugerð nr. 905/2021.

Það er engan veginn ásættanlegt að fjárhæðir í reglugerð hækki á sex-nú ára fresti að jafnaði. Frá árinu 2009 „hefur orðið 52,5% hækkun á verðlagi. Bíll sem kostaði 6.000.000 kr. Í febrúar 2009 kostar í dag 10.347.000 kr.

Miðað við verðlagsþróun ættu hærri bifreiðakaupastyrkir að vera um 2.069.000 kr. og 8.622.000 kr. ef þeir hefðu fylgt verðlagi en eru 1.440.000 kr. og 6.000.000 kr. Erfitt er fyrir fatlað fólk að kaupa sér bíl þar sem það ræður ekki við kaupin sem sést á því að árið 2020 var heimild á fjárlögum ekki fullnýtt.“ (Úr umsögn ÖBÍ um fjárlagafrumvarp 2022.)

Einnig má bæta við að nú þegar orkuskipti í samgöngum standa fyrir dyrum er enn mikilvægara en ella að taka þessi mál til endurskoðunar. Því þarf þessi styrkur að fara í 3.000.000 kr. Nánari rökstuðning má finna neðar í þessu minnisblaði.

Niðurfelling á vörugjaldi.

Vörugjöld eru nú felld niður á sendibifreiðum en aðeins þeim sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti eða eins og segir í skýrslu Félagsmálaráðuneytis frá 2014.

„Vörugjöld af nýjum sér útbúnum bifreiðum sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Hjálpartækjamiðstöð sjúkratryggingastofnunar, eru felld niður, sbr. m-lið 4. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.“ Það munar verulega um þessa niðurfellingu enda myndi styrkur sá sem nú er 6 milljónir kr. ekki standa undir nema litlum hluta af kaupverði sendibifreiðar ef niðurfelling kæmi ekki til eins og nú er. Stefna stjórnvalda er að allir greiði lámarksvörugjald en „undanþágur slökkvibifreiða og sjúkrabifreiða í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum, sérsníðaðra keppnisbifreiða og keppnisbifhjóla, sérútbúinna bifreiða fyrir fatlað fólk og ökutækja fyrir starfsemi björgunarsveita verði felldar brott“.⁴

Enginn vörugjöld eru nú á rafbílum .

Því er lagt til að hámarksstyrkur verði 8,5 milljónir til að styrkur standi undir 60%-70% af kaupverði sendibifreiðar.

Afgreiðsla styrkja.

Kaup á bíl fyrir fatlaðan einstakling er of flókin og of margir aðilar sem koma að því ferli.

1. Kaupandinn.
2. TR með styrk.
3. Sjúkratryggingar með hjálpartæki.
4. Söluaðili hjálpartækja.
5. Fagaðilar (Iðju- og/eða Sjúkraþjálfarar).
6. Breytingaraðili á bílnum.
7. Söluaðili bifreiðar

Það er afar mikilvægt að þessum aðilum verði fækkað niður í 3. Þeir verði þessir.





1. Kaupandinn
2. Fagteymi TR og SÍ.
3. Söluaðili bifreiðar

Innan fagteymis komi saman Iðjuþjálfarar (eða Sjúkraþjálfarar) bæði innan Sjúkratrygginga, endurhæfingastofnanna, söluaðilar hjálpartækja, breytingaðilar á bílunum sjálfum og síðast en ekki síst fulltrúi Tryggingastofnunar sem heldur utan um styrki til kaupa bílunum.

⁴ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=e301833f-a486-11e8-942c-005056bc530c>

Orkuskipti.

Skattaávilnanir til þeirra sem keypt hafa rafbíla hafa ekki verið sérstaklega beint að fötluðu fólki. Rafbílar eru enn þá dýrari en sambærilegur bensín bílar. Því er enn mikilvægara að styrkir hækki. Eins og sá má af þessum dæmum eru sambærilegur rafbíll 800.000 kr.-1.900.000 kr. dýrari en sambærilegur bensín bíll.

<p>Bensín Hybrid</p>  <p>Hyundai Kona</p> <p>Verð frá: 5.590.000 kr. Eyðsla frá 4.3 l/100km</p>	<p>100% Rafbíll</p>  <p>Hyundai Kona EV</p> <p>Verð frá: 6.390.000 kr. Drægni 289 km Rafhlaða 39 kWh</p>
<p>Bensín Hybrid</p>  <p>Renault Clio V</p> <p>Verð frá: 4.090.000 kr. Eyðsla frá 4.3 l/100km</p>	<p>100% Rafbíll</p>  <p>Renault ZOE</p> <p>Verð frá: 5.990.000 kr. Drægni 383 km Rafhlaða 52 kWh</p>

Næstu skref.

Markmið.

Það fyrirkomulag þarf að komast á til framtíðar að ekki þurfi að fara í reglulega leiðangra til að hækka styrki til bifreiðakaupa fólks sem nýtur réttar innan almannatrygginga. Það þarf að gerast árlega. Miðgildi árafjöldi er fljótt á litið um 6 ár en hefur farið upp í nærri 10 ár þegar lengst hefur liðið á milli breytinga.

Samvinna með Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Samvinna í starfshópum sem Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur sett á fót hefur gengið ágætlega en helsta vandamálið hefur samt verið að ekki hefur verið farið í stórum atriðum eftir þeim tillögum sem fram hafa komið. Árið 2014⁵ var síðast farið í slíka vinnu með þeim árangri þó að styrkir

⁵ <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/Skyrsla-starfshops-um-studningskerfi-vegna-hreyfihamladra---lokaeintak-17.12.2014.pdf>

hækkuðu í flestum styrkjaflokkum um 20%. Hæstu styrkir til kaupa á lyftubílum hækkuðu ekki. Ekki var heldur farið í að breyta öðrum atriðum eins og búa til samgöngustyrk í staðinn fyrir svokallaða „uppbót til reksturs bifreiðar“ né heldur að lengja tímann milli styrkveitinga eins og lagt er til í fyrirnefndri skýrslu, sem betur fer.

Eins og áður hefur verið tiltekið er það fyrirkomulag að ráðherra hafi þetta málið einn í hendi sér sennilega fullreynt. Selja þarf ráðuneytinu þessa hugmynd að þetta verkefni sé fært í lög um félagslega aðstoð sem farið sé yfir árlega.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar ÖBÍ⁶ á 152. löggjafarþingi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (bifreiðastyrkir). Þingskjal 61 - 61. mál.

⁶ <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-1239.pdf>